

Fundargerð þrettánda fundar skráningarráðs miðvikudaginn 1. desember

kl. 13.30-16.00 haldinn í kennslustofu í Þjóðarbókhöllu 4. hæð, seinni hluti fundar í fundarherbergi 2. hæð.

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir (fundarritari), Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Ragna Steinarsdóttir, ritstjóri efnisorða, Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

1. Fundargerð síðasta fundar lá ekki fyrir.

2. Lágmarksskóðun – hljóðrit, myndefni.

Haldið var áfram að fara yfir lágmarksskóðun lið fyrir lið. Byrjað var á lágmarksskóðun fyrir skráningu hljóðrita. Kóðaskjölin voru öll samþykkt með fyrirvara og ákveðið að fela tónlistarhópnum að ganga frá kóðalistanum í tónlist fyrir svið 008 og 048. Síðan var tekin fyrir kóðun myndefnis.

Drög fyrir lágmarksskóðun voru samþykkt með örlitlum orðalagsbreytingum og Rögnu og Hildi falið að ganga frá skjölunum og senda á póstlista skrásetjara.

3. Greiniskráning tímarita.

Rætt var um hvernig bókasöfn gætu skipt með sér greiniskráningu tímarita.

Var Auði falið að taka að sér stjórn þess verkefnis.

Talað var um að nauðsynlegt væri að halda námskeið eða a.m.k. fræðslufund um greiniskráningu tímarita.

4. Erindi frá efnisorðahópi.

Erindi frá efnisorðahópi var lagt fram á fundinum (sjá fylgiskjal).

Í erindi frá efnisorðahópi kemur m.a. fram að hann hefur haldið 3 fundi og tekið þá ákvörðun að stuðst skuli við Kerfisbundinn efnisorðalykil svo langt sem hann nær og að hætt verði að nota efnisorðastrengi. Einnig koma þar fram hugmyndir að skipulagi starfsins. Tillögur efnisorðahóps voru samþykktar.

Samþykkt var að nauðsynlegt væri að setja reglur um notkun efnisorða og að efnisorð í bókmenntum skuli hafa algjöran forgang.

5. Önnur mál.

a) Þjóðbókaskrá

Þórdís spurðist fyrir um þjóðbókaskrá. Síðasta prentaða útgáfa Íslenskrar bókaskrár nær yfir árið 2001. Síðan þá er ekki til yfirlit yfir útgefin rit á Íslandi fyrir tiltekin ár. Hafði Þórdís fengið fyrirspurn að utan varðandi þetta efni. Sigrún sagði að hægt mundi vera að draga út lista um nýskráð efni úr Gagni.

b) Leiðbeiningar fyrir skrásetjara.

Rætt var um að nauðsynlegt væri að senda út leiðbeiningar um notkun efnisorða.

Hildur Gunnlaugsdóttir sagði að verið væri að vinna að gerð vinnuhandbókar fyrir skráningu.

Fundi var slitið kl. 16.

Auður Gestsdóttir, fundarritari.